

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð kirkjugarðanna á Staðarfelli í Dölum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. ágúst 1981.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð kirkjugarðanna á Staðarfelli.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður kirkjugarðanna á Staðarfelli í Dölum.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með framlagi að upphæð kr. 20 000.00 — tuttugu þúsund krónur — frá systkinunum Áskeli Jóhannssyni, Jóni Jóhannssyni, Jóhönnu Jóhannsdóttur, Guðbjörgu Jóhannsdóttur, Eysteini Jóhannssyni og Solveigu Jóhannsdóttur til minningar um systur þeirra og foreldra: Salbjörgu Jóhannsdóttur, Margréti Júlíönu Sigmundsdóttur og Jóhann Jónasson.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er umhirða kirkjugarðanna á Staðarfelli.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru minningargjafir og vextir.

5. gr.

Árlega skal verja 4% af vöxtum sjóðsins til umhirðu kirkjugarðanna á Staðarfelli, en 96% leggjast við höfuðstól.

Umsjón framkvæmda annast sóknarnefnd Staðarfellskirkju.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á verðtryggðu spariskírteini hjá ríkisbanka.

7. gr.

Stjórn sjóðsins er sóknarnefnd Staðarfellskirkju.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Nr. 555.

REIKNINGUR

Líknarsjóðs Margrétar Árnadóttur, Alviðru.

Rekstrarreikningur 1980.

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsbók nr. 12445	kr.	165 519
Vextir af vaxtaaukareikningi nr. 1255	—	660 442
		<hr/>
	kr.	825 961